

Fundargerð skipulagshóps nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Arnarfjarðar.

Þriðji fundur skipulagshóps. Haldinn á Hrafnseyri 7. október 2011 í minningarsafni Jóns Sigurðssonar.

Fundur settur kl. 10:30

Mætt voru:

Jón Árnason (Vesturbyggð)

Jón Þórðarson (Ferðamálasamtök Vestfjarða)

Jón Örn Guðmundsson (Samtök eigenda sjávarjarða)

Gísli Halldór Halldórsson (Ísafjarðarbær)

Elías Oddson, (bláskeljaklasi á Vestfjörðum)

Sigurður Viggósson (Landssamband íslenskra útvegsmanna)

Guðbergur Rúnarsson (Landsband fiskeldisstöðva)

Jörundur Garðarsson (Íslenska kalkþörungafélagið)

Þórhallur Arason (Náttúruverndarsamtök Vestfjarða)

Auk þess voru mættir Gunnar Páll Eydal Teiknistofunni Eik og Aðalsteinn Óskarsson Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Aðalsteinn Óskarsson setti fundinn og fór yfir fundarboð og mætingu fundarmanna. Forföll boðuðu fulltrúar frá Ferðamálasamtökum Vestfjarða (ferðaþjónusta í landi), rækjusingum, Tálknafjarðarhreppur, Íbúasamtök Bíldudals og Krókur smábátafélag.

Astrid Fehling meistaranemi sat einnig fundinn en hún vinnur að ritgerð tengdri auðlindanýtingu strandsvæða og aðkomu hagsmunaaðila.

Gunnar Páll Eydal, verkefnisstjóri frá Teiknistofunni Eik tók nú við stjórnun fundarins. Gunnar fór yfir dagskrá fundarins, en hún var sem hér segir.

1. Staðan í stjórnkerfinu (Aðalsteinn Óskarsson kynnti)
2. Staðan í verkefninu (Gunnar Páll Eydal kynnti)
3. Greinargerð hópsins kynnt lauslega.
4. Kúrsinn tekinn. Tilgangur og innihald áætlunarinnar rifjuð upp. Fulltrúar hópsins svara eftirfarandi spurningum skriflega.
 - a. Hvert er stærsta vandamálið við nýtingu auðlinda í Arnarfirði? (1-2 atriði)
 - b. Hverjar eiga lykiláherslurnar áætlunarinnar að vera? (3 atriði)

5. Núverandi nýting. Kynning á uppdrættinum sem sýnir núverandi nýtingu. Umræður um það sem má betur fara og þarf að lagfæra. Upplýsingar merktar á uppdráttinn.

6. Kynning á stefnunni sem búið er að marka.

Matarhlé frá 12:30-13:15

7. Hópvinna – rýnt í uppdráttinn og drög lögð að stefnumörkun svæðisins.

- Kjörsvæði/gildi svæða kortlögð
- Skörun og hagsmunaárekstrar / ekki árekstrar

8. Niðurstaða og næstu skref

Fyrir næsta fund þarf að safna saman upplýsingum fyrir hvern nýtingarflokk sem sýnir möguleg svæði til nýtingar og góð svæði til nýtingar. Sumt liggur þegar fyrir. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir verður hægt að skoða hugsanlega hagsmunaárekstra og svæðisskiptingu.

Áætlað er að næsti fundur hópsins verði haldinn innan fjögurra vikna.

Fundi slitið kl. 15:20

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Óskarsson Fjórðungssambandi Vestfirðinga

Nánari upplýsingar um fundinn er að finna í meðfylgjandi minnispunktum.

Minnispunktur frá þriðja fundi skipulagshóps um nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar. Haldinn á Hrafnseyri 7. október 2011 kl 10.30 í safni Jóns Sigurðssonar.

1. Kynning á stöðu í stjórnkerfi. Aðalsteinn kynnti stöðu starfshóps um lög og reglur á strandsvæðinu. Starfshópurinn hefur skilað sameiginlegu álitni til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en beðið er afgreiðslu ráðherra á álitni nefndarinnar.
2. Staða verkefnis. Gunnar Páll kynnti. Verkefnið er á áætlun en auk skipulagsvinnu hefur talsverð vinna farið í að þróa aðferðarfræði, tryggja fjármögnun og veitingu upplýsinga til stjórnkerfisins.
3. Greinargerð hópsins kynnt. Greinargerð afhent fulltrúum. Gunnar Páll fór lauslega yfir uppbyggingu hennar. Margt á eftir að uppfæra og vinna betur í.
4. Gunnar Páll fór yfir tilgang og innihald verkefnisins til upprifjunar fyrir hópinn. Leitað er eftir afstöðu skipulagshóps til eftirfarandi málefna. Þannig er hægt að leiðrétta „kúrsinn“ ef svörin nú samræmast ekki því sem búið er birta og vinna úr hingað til. Miðum var dreift og svör rituð þar niður. Spurt var:
 - a. Hvert er stærsta vandamálið við nýtingu auðlinda í Arnarfirði? (1-2 atriði)
 - b. Hverjar eiga lykiláherslurnar áætlunarinnar að vera ? (3 atriði)
5. Gunnar Páll lagði fram uppdrátt af Arnarfirði þar sem fram kemur núverandi nýting. Einnig voru lögð fram drög að greinargerð áætlunarinnar, dagsett 5. október 2011.

Óskað var eftir umræðum um framsetningu atriða á uppdraetti.

Bent á að hluti upplýsinga væri af fundi sem haldinn var í nóvember 2009, uppfæra þarf upplýsingar.

Bent á að nákvæmari framsetning á siglingarleiðum væru til hjá Siglingarstofnun, m.a. fyrir leiðir stærri skipa. Bent á að það vanti almenningsangöngur á sjó og póstdreifingu. Bryggjur og aðrir innviðir eru á aðalskipulagsuppdráttum. Sjá upplýsingar sem merktar voru á uppdrátt.

Bent á að það vanti staðsetningu starfsleyfa fyrir beltispararæktun. Eitt leyfi er tilgreint en þau eru fjögur til viðbótar.

Bent á að fiskveiðar komi ekki fram á kortinu. Gunnar Páll upplýsti að þær upplýsingar eru á sér kortum sem Hafró hefur útbúið sérstaklega fyrir þetta verkefni. Þau verða lögð fram á eftir.

Bent á möguleika á að setja inn hvalaskoðunarsvæði.

Bent á að skoða þurfi framsetningu á siglingaleiðum skemmtiferðaskipa, m.a. að Dynjandisvogi.

Skoða mætti hafnsöguskyldu í firðinum og veita undanþágur eftir beiðni. Með þeim hætti næst betri stjórnun á umferð í firðinum.

Upplýsingar um útivist og ferðaþjónustu voru uppfærðar. M.a. voru köfunarsvæði, kajaksvæði og sjóstangveiðisvæði endurskoðuð (Jón Þórðarson).

Staðsetningar á merktum æðarvörpum voru endurskoðuð (Jón Þórðarson o.fl.).

Útbreiðslukort kalkþörungna á hafsbotni er tiltækt sem og kort sem sýnir svæði sem gildandi leyfi nær yfir. Leyfishafi skoðar nú vöxt kalkþörungna í firðinum og víðar. Stefna hans er að vernda vaxtarsvæði í samræmi við leyfi.

Bent á að dýptarlína allt að 7 metrum yrði að vera sýnileg með vísan til sellögn í Jónsbók.

Ábendingar sem nýtast til kortlagningar á kjörsvæðum fyrir einstaka greinar:

- Laxeldi er á meira dýpi en áður, 20 m djúpar kvíar þryftu að lágmarki 30 m. Hægt væri að nota grynri kvíar en þá þarf að færa þær oftar til. Nálægð við byggð eða þjónustu er einnig kostur.
- Kræklingarækt miðast við lágmark 35 m dýpi og allt að 70 m dýpi.
- Jón Þórðarson sendir slóð á fyrirtæki sem hann er í samstarfi við og hefur auglýst.

6. Kynning á stefnunni sem búið er að marka – Gunnar Páll

Farið yfir stefnumörkun sem liggur fyrir. Vísað til stefnu stjórnvalda og aðalskipulagsáætlana. Rifjuð upp niðurstaða af 1. og 2. fundi skipulagshópsins, m.a. leiðarljósið.

Bent á reglugerð um dragnótaveiðar samkvæmt reglugerð sjávarútvegsráðuneytis og Fiskstofu.

Matarhlé. 12.30

7. Hópvinna – rýnt í uppdráttinn og drög lögð að stefnumörkun svæðisins. Eftirfarandi spurningum velt upp:

- Hver eru kjörsvæði fyrir mismunandi nýtingu? Hvaða gildi hafa mismunandi svæði? Hver er t.d. munurinn á milli innfjarða? Hver er munurinn á milli innfjarða og ytri hluta Arnarfjarðar.
- Hvaða skörun og hagsmunaárekstra þarf að skoða sérstaklega?

Jón Þórðarson telur mikilvægara að fá fram aðferðafræði til stjórnunar og samræmingar til framtíðar fremur en að setja stefnu um nýtinguna.

Jörundur segir að byrja þurfi einhvers staðar að skoða nýtinguna og bendir hann á að í Arnarfirði hafi sem dæmi verið samhangandi innfjarðarveiðar á rækju, og fiskveiðar í margar aldir.

Elías bendir á samhengi stefnunnar sem verður mörkuð og efnahagslegs ávinnings fyrir íbúa svæðisins. Staðan í dag er þannig að fiskveiðar eru nánast ekkert stundaðar af heimamönnum. Skipulagið þarf að vera sveigjanlegt þannig að hægt sé að aðlagast breytingum.

Sigurður Viggósson bendir á að þetta sé tilraunaverkefni en ekki megi horfa einhlítt á Arnarfjörðinn heldur þurfi að horfa á málin heildrænt til að þau gagnist á landsvísu. Hvernig eigum við að taka til greina sjónarmið þeirra sem búa utan svæðisins – utan Vestfjarða og utan Íslands? Við horfum á veiðilendur en viljum taka sjónarmið þeirra sem eru fyrir.

Almennt telja menn meiri áhuga fyrir Fossfirði vegna betra veðurfars miðað við aðra firði. Fossfjörður er nálægt þéttbýli og því betri samgöngur en annars staðar í firðinum. Aðrir umhverfisþættir spila líka inn í, t.d. lagnaðarís (Dynjandisvogur – mikið ferskt vatn) og straumar.

Gísli spyr: Hver erum við sem viljum hámarka ákveðna hagsmuni. Ef það eru sveitarfélögin, þá eru það íbúar og atvinnulíf svæðisins sem sveitarfélagið þarf að gæta sérstaklega að.

Guðbergur: Hugmyndin er að búa til sjálfbært samfélag fólks og efla það. Hvernig gerum við það best?

Almennt telur hópurinn að mismunandi nýting innan sama svæðis þurfi ekki að leiða til árekstra ef rétt er staðið að málum.

Þórir Örn bendir á að núverandi nýting sé svæðisbundin en nýting fyrr á tímum hafi oft verið út um allan fjörð.

Almennt eru menn sammála um að hafsbotninn er takmarkaður og ákveðin svæði eru tekin frá. Úthlutun minni leyfa ætti að vera í klösum, ekki tvist og bast enda rekst það á við stærri rekstur.

Jón Þórðarson bendir á þrjár „eyjur” sem verði í fiskeldi (sjá teikningar á kort).

Jón Árnason telur mikilvægt að horft sé á staðbundna nýtingu og hreyfanlega nýtingu.

Guðbergur bendir á að ekki sé æskilegt að hafa marga aðila í fiskeldi í Arnarfirði, bæði vegna smithættu og samkeppni. Gillestad skýrlan. Bendir á reynslu Norðmanna af nýtingu og hvíld svæða. Eldi á móti sumarbyggð er orðið meira mál, sérstaklega þegar hin dreifða eignaraðild fór á færri hendur. Sveitarfélögin fáí tekjur af fasteignaskatti en ekki eldisleyfum. Ath. hver fær tekjur af eldisleyfum.

Þórhallur Arason ræddi um verðmæti fjarðanna, er það að aukast fremur en hitt, e.t.v. er hér dulin auðlind. Skilur umræðu við borðið að menn vilja gera þetta með sjálfbærum hætti. En hvað með samfélagslega þætti, auðlegðin verði til hagsbóta fyrir fólk í byggðum við þessa firði. Framseljanleg leyfi, fara þarf varlega í að íbúar missi hér af tækifæri. Mikilvægt er að unnið verði faglega á þessu sviði.

Jörundur bendir á að Vestfirskir firðir séu á meðal síðustu mögulegra laxeldissvæða í Evrópu. Stór svæði eru þegar friðuð við Ísland.

Jón Þórðarson bendir á mikilvægi þess að hreinsað sé upp af svæðum sem ekki eru nýtt.

8. Niðurstaða og næstu skref

Fyrir næsta fund þarf að safna saman upplýsingum fyrir hvern nýtingarflokk sem sýnir möguleg svæði til nýtingar og góð svæði til nýtingar. Sumt liggur þegar fyrir. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir verður hægt að skoða hugsanlega hagsmunaárekstra og svæðisskiptingu.

Áætlað er að næsti fundur hópsins verði haldinn innan fjögurra vikna.

Fundi slitið kl 15.20.